

## Reglugerð um auglýsingar á búningum.

1. gr.

Einstökum félögum innan BLÍ er heimilt að auglýsa vörutegundir eða þjónustu á búningum og búnaði leikmanna sinna samkvæmt eftirfarandi skilyrðum: Auglýsingin má aðeins varða vörutegundir og þjónustu. Hún má ekki ganga í berhöggi við anda íþróttanna. Hvatningarorð eru óheimil.

2. gr.

Þá upphæð, sem félag hlýtur fyrir auglýsingu, má aðeins nota til starfsemi félagsins. Í engum tilvikum má sú upphæð eða hluti hennar greiðast leikmönnum eða leiðtogum. Stjórn BLÍ áskilur sér rétt til að fylgjast með því að þessari reglu sé fylgt, enda skulu tekjur af auglýsingum þessum koma greinilega fram í reikningum félagsins.

3. gr.

Ef reglur þessar eru brotnar, getur stjórn BLÍ dæmt félag til refsingar, vent því áminningu, ávítur eða sektað það, allt eftir eðli brotsins. Í mjög grófum eða endurteknum tilfellum skal úrskurða félag frá keppni.